

1509047



Sveitarfélagið Árborg
Ásta Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri
Austurvegi 2
800 Selfoss

Selfossi 3. september 2015

Heil og sæl Ásta

Meðfylgjandi eru samþykktir aðalfundar Ungmennafélags Selfoss sem samþykktar voru á aðalfundi félagsins fimmtudaginn 16. apríl síðastliðinn. Vil ég vinsamlegast biðja þig að koma þeim á framfæri á réttum vettvangi hjá sveitarfélaginu.

Með bestu kveðju
Gissur Jónsson
Framkvæmdastjóri
Ungmennafélag Selfoss

Meðfylgjandi:
Samþykktir aðalfundar Umf. Selfoss 2015.

Afrit sent:
Formanni Íþróttá- og menningarnefndar
Íþróttá- og menningarfulltrúa.

Ungmennafélag Selfoss, Engjavegi 60, 800 Selfoss,
sími 482 2477, fax 482 4277, umfs@umfs.is, www.umfs.is

ARBORG	
Bmr: 06.00	Mótt: 7/9/15
Abm: A. Stef	Mnr: 1509047

Tillögur sem samþykktar voru á aðalfundi Umf. Selfoss 16. apríl 2015

Tillaga 1

Aðalfundur Umf. Selfoss haldinn í Tíbrá 16. apríl 2015 þakkar

- þeim sem stutt hafa starf félagsins á árinu meðal annars með þátttöku í starfinu og setu í stjórnnum, ráðum og nefndum.
- stuðningsaðilum, fyrirtækjum, foreldrum og öðrum sem unnið hafa að framgangi félagsins.
- Sveitarfélaginu Árborg fyrir veittan stuðning við starfsemi félagsins.

Tillaga 2

Aðalfundur Umf. Selfoss haldinn í Tíbrá 16. apríl 2015 fagnar góðum árangri í uppbyggingu íþróttamannvirkja í sveitarfélaginu á undanförunum árum.

Aðstaðan á Selfossi og samnýting íþróttá- og skólahúsnæðis er að mörgu leyti til fyrirmyndar og vekur aðdáun gesta sem sækja íþróttaviðburði á Selfossi.

Skorað er á sveitarfélagið að vinna að áframhaldandi uppbyggingu íþróttamannvirkja með markvissri áætlunargerð, í góðu samstarfi við Umf. Selfoss.

Tillaga 4

Aðalfundur Umf. Selfoss haldinn í Tíbrá 16. apríl 2015 samþykkir að vinna áfram að forvörnum gegn vímuefnanoftkun hjá iðkendum innan félagsins, hvort sem um ræðir tóbak, áfengi, stera eða aðra vímuefna með virkum fræðslum og kynningum. Einnig að stuðla að því að virðing sé borin fyrir því banni, bæði af íþróttafólki og gestum á heimavelli félagsins, og hvort sem farið er með íþróttafólk til keppni hér heima eða erlendis.

Tillaga 6

Aðalfundur Umf. Selfoss haldinn í Tíbrá 16. apríl 2015 hvetur Sveitarfélagið Árborg, í samvinnu við Umf. Selfoss, til að móta sér stefnu um fjárhagsstuðning við afreksstarf meistaraflokka félagsins eins og gert er í mörgum sveitarfélögum.

Tillaga 7

Aðalfundur Umf. Selfoss haldinn í Tíbrá 16. apríl 2015, hvetur þjálfara og stjórnarmenn allra deilda til að fjölmenna á þjálfararáðstefnu í Árborg sem haldin verður á Selfossi í haust.

Tillaga 8

Aðalfundur Umf. Selfoss haldinn í Tíbrá 16. apríl 2015 fagnar auknum áhuga á almenningsíþróttum og lýsir yfir áhuga sínum að styðja við bakið á almenningsíþróttum.